

17. apríl 2018 | Dans | 922 orð | 2 myndir

Dans - Tjarnarbíó**Poppópera í tómarúmi****Vakúm **---**

Höfundur: Melkorka Sigríður Magnúsdóttir.
Tónlist: Árni Rúnar Hlööversson. Texti: Auður Ava Ólafsdóttir. Leikmynd og búningar: Magnús Leifsson og Arnar Ásgeirsson. Dramatúrg: Halldór Halldórsson. Kór og kórútsætningar: Kristjana Stefánsdóttir.

Höfundur: Melkorka Sigríður Magnúsdóttir. Tónlist: Árni Rúnar Hlööversson. Texti: Auður Ava Ólafsdóttir. Leikmynd og búningar: Magnús Leifsson og Arnar Ásgeirsson. Dramatúrg: Halldór Halldórsson. Kór og kórútsætningar: Kristjana Stefánsdóttir. Ljósahönnun: Hafliði Emil Ragnarsson. Hljóðhönnun: Kristinn Gauti Einarsson. Flytjendur: Auðunn Lúthersson, Ásgeir Helgi Magnússon, Elísa Lind Finnbogadóttir, Gunnar Ragnarsson og Melkorka Sigríður Magnúsdóttir. Frumsýning fimmtudaginn 12. apríl.

Verkið *Vakúm* eftir Melkorku Sigríði Magnúsdóttur var frumsýnt í Tjarnarbíói síðastliðinn fimmtudag. Það ber undirheitið „poppópera“, en form þess byggist á söng og dansi þar sem eitt söngnúmerið tekur við af öðru eins og um tónleika sé að ræða. Útfærslan er unnin í náinni samvinnu við flytjendur. Melkorka vinnur hér áfram með hugmynd úr verkinu *Milkywhale* sem á sínum tíma fékk verðskuldað góðar viðtökur og var mjög áhugaverð stuðsýning. Melkorka fær nú til liðs við sig stóran hóp listamanna úr ólíkum listgreinum og lætur dansara syngja og söngvara dansa. Titill verksins vísar í tómarúm eða lofttæmi, og í umfjöllun um verkið segir höfundur að ætlunin sé að skapa nýjan heim úr engu og gefa honum merkingu. Í verkinu birtast flytjendurnir sem kynlausar verur í óljósum heimi í leit að einhvers konar tilgangi. Verkið vekur hugrenningar um það hvað er að vera manneskja, og hvort við séum betur sett ein á báti eða með því að tilheyra hópi. Þá eru einnig vísanir til hugmynda um að þeir hæfustu komist af, kapitalismi geri alla eins, óstabil ástarsambönd, græðgi og einkaeign, hvernig manneskjan lýgur að sjálfri sér í afneitun um þunglyndi, og ennfremur má finna tilvitnanir í íslenska menningararfinn. Það er því augljóst að margir boltar eru á lofti.

Verkið hefst með því að flytjendurnir brjóta sér leið út úr plaststrengdum kassa, þeir fíkra sig fram eftir sviðsgólfinu og mynda fléttu sem kallar fram í hugann byggingu DNA-erfðaefnisins. Fæðing? Sköpun? Eða „eilífðarhringurinn“ sem Auður Ava vísar til í ljóði sínu? Við sjáum síðan röð sena þar sem flytjendur gera tilraun til mismunandi samskipta, útiloka hver annan, fara í samkeppni sín á milli, eða koma saman sem heild og leitast við að mynda samfélag. Það er erfitt að sjá hvernig þetta tengist að öðru leyti, tilvísanirnar taka við hver af annarri án sýnilegs samhengis, og sviðsetningin fer frekar að minna á uppstillingu en organíska framvindu.

Ljóðatextar Auðar Övu eru margir gullfallegir, hún dregur upp litríkar myndir, stillir saman hátíðlegu orðfæri og hversdagslegu, vinnur markvisst með endurtekningar og leikur sér með takt. Það eru því vonbrigði hversu tónlistin er að mestu leyti ófrumleg og klisjukennnd, hún þvingar sér upp á textann oft með þeim afleiðingum að áherslur verða vitlausar og hljóðfall textans týnist. Ekki bætir úr skák að hljóðblönduninni var oft ábótavant. Hér hefði þurft að vanda betur til verka.



Fjöldi hugmynda „Hér hefði þurft meiri tíma og hugsun til að ná fram einni sterkri heildarmynd þar sem listgreinarnar hefðu upphafið hver aðra,“ segir rýnir um sýninguna *Vakúm* sem er á fjöllum Tjarnarbíós. — Ljósmynd/Magnús Leifsson



[Smellið til að sjá stærri mynd]

Sviðsmyndin samanstendur af plaststrengdum kassanum og stórrí hrúgu af álteppum sem flytjendur leika sér með og henda sín á milli. Líklegast á plastkassinn að tákna einhvers konar leg eða móðurlíf, en að öðru leyti hefur hann litla merkingu og er til lítills gagns. Aðallega tekur hann pláss frá flytjendunum sem hefði verið hægt að nýta til að skapa meiri tilfinningu fyrir tóminu, sem verkinu er þó ætlað að fjalla um. Lýsingin er heldur flöt og gerir lítið til að hjálpa sviðsmyndinni. Búningarnir eru hlutlausir og þannig séð ágætir, þó að ekki sé skýrt af hverju Crocs-skór og Adidas-buxur urðu fyrir valinu í þessari veröld. Þannig unnu listrænar ákvarðanir því miður hver gegn annari.

Það er erfitt að meta frammistöðu flytjenda þegar umgjörðin og dramatúrgían er ekki sterkari en er í þessu verki. Þá er kóreógrafían þannig að búast mætti við að sjá svipað á popptónleikum eða í tónlistarmyndböndum, klisjukennd og frekar til uppfyllingar, og því varla hægt að setja mælikvarða á gæði dansins. Flytjendurnir gera þó margt mjög vel, bæði með hómor og leikrænum tilbrigðum, sem hittir þó misvel í mark. Þau hafa sterka sviðsframkomu, metnað og hæfileika sem gerir mikið fyrir verkið. Hápunkturinn er í laginu „Allt í megagóðu“, það stendur uppúr sem mjög skemmtilegt lag sem maður fær strax á heilann. Þar fær pönksöngvarinn Gunnar Ragnarsson að njóta sín. Í gegnum verkið gefur hann kynþokkafullt kikk í upplifunina, kitlar hláturtaugar áhorfenda með barnslegri einlægni sinni og krefst athygli þeirra með öskursöng sínum. Gunnar á líka mjög falleg augnablik með Elísu Lind, dansara, og nær kemistrían þeirra á milli að snerta við manni. Hins vegar er synd að við fáum ekki að njóta hæfileika Ásgeirs Helga að neinu marki, en hann er einn af okkar færustu dönsurum.

Tónlist og sviðslist í góðri sameiningu getur hitt beint í hjartastað, svo ekki sé talað um þegar við er bætt dassi af hómor, stuði og einlægni. Allt þetta hefði getað notið sín í þessu verki ef hugmyndafræðin hefði komist til skila og betur verið unnið úr efninu. Það eru vissulega augnablik þegar maður hrífst með, vegna hæfileika flytjendanna, en þau eru aldrei í samhengi við heildina. Það verður að gera kröfur um að höfundur sé með ákveðið ætlunarverk, og áhorfandinn finni hvert það er. Í *Vakúm* er fjöldi hugmynda á lofti, eins og í æfingu í miðju ferli, þar sem ekki er búið að skrapa í burt umbúðirnar til að komast að kjarnanum. Hér hefði þurft meiri tíma og hugsun til að ná fram einni sterkri heildarmynd þar sem listgreinarnar hefðu upphafið hver aðra. Því virkar heildarútkoman sjálfhverf, samhengislaus, óunnin og gagnrýnislaus. Hér liggur þó mikil vinna og metnaður að baki, það dylst ekki, og tekst textunum og flytjendunum á sinn hátt að halda verkinu uppi og hreyfa við áhorfendum. Það er áhugaverð tilraun að gera poppóperu sem sviðsverk og það verður spennandi að sjá hvað Melkorka tekur sér næst fyrir hendur.

Nína Hjálmarsdóttir